

Hverfisráð Hríseyjar

108. fundur

Miðvikudaginn 19. apríl 2017 kl 10:00 var haldinn 108. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

Aðalskipulag

Hverfisráð sendir inn eftirfarandi ábendingar varðandi tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, drög til umsagnar, 8. mars 2017:

2.1.8 Flugvellir (FV)

Þorgeir Jónsson bendir á að ekki sé búið að malbika flugvöllinn (FV2).

2.1.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Svæðið við Duggaraklett (E3) er orðið fullt, það þyrfti að skipuleggja nýtt svæði. Hverfisráð leggur til að notað verði svæðið vestan við kirkjugarðinn.

2.1.10 Frístundabyggð (F)

Þorgeir Jónsson bendir á að það ætti að leyfa blandaða byggð á svæðinu við Lambhagaveg (F7).

2.1.11 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Þorgeir Jónsson bendir á að það mætti nota til afþreyingar gömlu steypustöðina fyrir neðan Sunnuhvol. Þar væri hægt að útbúa útsýnispall.

2.1.12 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Þorgeir Jónsson bendir á að það ætti að bæta frísbíggvöllinum inná svæðið ofan byggðar (ÍÞ11) og tengja völlinn jafnvel við fótboltagölvöll. Leggur hann til að þjónustuhús verði bætt inná svæðið.

2.1.24 Friðlýst svæði

Þorgeir Jónsson leggur til að svæðið fyrir utan byggingarsvæðið sunnan megin í eyjunni, þeas svæðið þar sem göngustígarnir eru, verði skilgreint sem fólkvangur.

2.1.26 Vegir, götur og stígar

Hverfisráð samþykkir að allar húsagötur í þéttbýlinu í Hrísey verði skilgreindar sem vistgötur með 15 km/klst hámarkshraða.

1. Aðstöðuhús á Árskógssandi

Hverfisráð ítrekar að það vantar að klára vinnuna við aðstöðuhúsið á Árskógssandi. Hefur hverfisráð nokkrum sinnum bent á að það þyrfti að laga húsið, en ekkert hefur gerst. Húsið er opið, en það er óþrifið (þá sér í lagi salernið), pappírslaut og sápuhlaut. Það er enginn sem sinnir húsinu. Aðstöðu fyrir fatlaða er ábótavant, það vantar t.d. handrið við salernið, og ekki er hægt að loka salernishurðinni þegar hjólastóll er inni. Þorgeiri Jónssyni finnst staðan til háborinnar skammar, og hótar hann að fara með málið í fjölmiðla og til heilbrigðiseftirlits ef vinnan við aðstöðuhúsið verður ekki kláruð á næstunni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 10:50.

Þorgeir Jónsson
Pétur Ásgeir Steinþórsson
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker.